



## Fundur háskólaráðs 3. apríl 2001

### Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 28.03.2001 11:05:22

Dags: 03.04.2001

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

5/2001

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, þriðjudaginn 3. apríl var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 15:00.

### 1. Bókuð erindi

- 1.1 Eftirfarandi aðilar verði skipaðir í vinnumatssjóð í samræmi við 3. gr. reglna um vinnumatssjóð.

Ásdís Egilsdóttir, dósent heimspekideild

Bjarni Ásgeirsson, dósent raunvísindadeild

Guðmundur Hálfðánarson, prófessor heimspekideild

Gylfi Magnússon, dósent viðskipta- og hagfræðideild

Jón Atli Benediktsson, prófessor verkfræðideild

Jón Ólafur Skarphéðinsson, prófessor læknadeild

Jörgen Pind, prófessor félagsvísindadeild

Már Mátsson, dósent lyfjafræðideild

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor, félagsvísindadeild

Torfi Tulinius, dósent heimspekideild.

Samþykkt.

- 1.2 Lagt fram bréf nemanda dags. 22. febrúar s.l. er varðar falleinkunn í námskeiði í almenntri bókmenntafræði haustið 1996 ásamt svarbréfi lögfræðings rektors, dags. 27. mars s.l. þar sem fram kemur að Háskólinn lauk málinu með bréfi dags. 28. apríl 1998. Byggðist niðurstaðan á því að þar sem prófdómari hefði metið prófið væri einkunnin endanleg og kæmi ekki til endurskoðunar.

- 1.3 Eftirfarandi aðilar verði skipaðir í starfshóp sem hefur umsjón með framkvæmd umhverfisstefnu Háskólans.

Eva Benediktsdóttir, dósent raunvísindadeild, formaður

Eyjólfur Már Sigurðsson, deildarstjóri tungumálamiðstöð

Björn Gunnarsson, forstöðumaður Umhverfisstofnunar

Valþór Sigurðsson, byggingastjóri

Stúdent (samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs).

Samþykkt.

### 2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lögð fram drög að nýjum erindisbréfum kennslumálanefndar og vísindanefndar ásamt greinargerðum.

### 3. Mál á dagskrá

- 3.1 Samningamál Félags háskólakennara og ríkisins.  
Rektor lagði fram bréf Stúdentaráðs, dags. 28. mars 2001, þar sem óskað er eftir því að háskólayfirvöld geri grein fyrir afleiðingum hugsanlegs verkfalls Félags háskólakennara, og svarbréf rektors til stúdenta, dags. 3. apríl 2001. Einnig lagði rektor fram bréf til formanns Félags háskólakennara, dags. 3. apríl 2001, þar sem rektor óskar eftir því að sett verði á laggirnar samráðsnefnd til að undirbúa þær ákvarðanir sem taka þarf ef til verkfalls kemur. Í nefndinni eiga sæti, auk formanns Félags Háskólakennara, formenn Félags prófessora, samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál og Stúdentaráðs og lögfræðingur rektorsskrifstofu. Málið var rætt ítarlega.
- 3.2 Fjárhagsáætlun 2001.  
Inn á fundinn komu Ingjaldur Hannibalsson og Gunnlaugur H. Jónsson gerðu grein fyrir framlagðri fjárhagsáætlun 2001. Áætlunin var rædd ítarlega og svöruðu þeir Ingjaldur og Gunnlaugur framkomnum spurningum.  
Samþykkt einróma.  
Ákveðið var að tillögu Guðmundar G. Haraldssonar að leggja fram á næsta fundi sundurliðun á launakostnaði kennsludeilda.
- 3.3 Reglur um endurmenntun á vegum deilda. Lagt fram 15. febrúar s.l.  
Málinu var frestað til næsta fundar.
- 3.4 Samstarf við aðila á landsbyggðinni: Staða og ný verkefni.  
Málinu var frestað að ósk Ármanns Höskuldssonar sem ekki gat sótt þennan fund.

#### **4. Önnur mál**

- 4.1 Vísindagarðar á svæði Háskóla Íslands.  
Stefán Ólafsson gerði grein fyrir framlagðri hugmynd að auglýsingu eftir samstarfsaðilum um þróun háskólasvæðisins.  
Samþykkt einróma að fela rektor, ásamt húsnaðis- og skipulagsnefnd, að leita eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu Vísindagarða og Háskólators með auglýsingu.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 17:15